

AÐGERÐAÁÆTLUN GARÐABÆJAR

VEGNA INNLEIÐINGAR BARNASÁTTMÁLANS
2020-2024

Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026



unicef 
fyrir öll börn

Efnisyfirlit

1	Barnvæn sveitarfélög.....	3
1.1	Innleiðingarferli Barnvænna sveitarfélaga	3
2	Greinargerð vegna stöðumats	5
3	Aðgerðaáætlun Garðabæjar 2020-2024.....	6
4	FRÆÐSLA.....	7
4.1	Aðgerð 1 Réttindafræðsla til nemenda í grunnskólum	7
4.2	Aðgerð 2 Fræðsla til starfsfólks og kjörinna fulltrúa um Barnasáttmálann	8
4.3	Aðgerð 3 Barnasáttmálinn á leikskólastigi	9
4.4	Aðgerð 4 Hinsegin fræðsla	10
5	STJÓRNSÝSLA	11
5.1	Aðgerð 5 Yfirfara stefnur bæjarfélagsins.....	11
5.2	Aðgerð 6 Miðlun upplýsinga á fleiri tungumálum	12
5.3	Aðgerð 7 Barnvænt hagsmunamat	13
5.4	Aðgerð 8 Umboðsmaður barna í Garðabæ	14
5.5	Aðgerð 9 Samskiptasáttmáli	15
5.6	Aðgerð 10 Réttindafulltrúar Barnvæns sveitarfélags	16
5.7	Aðgerð 11 Barnvænt móttökurými fyrir félagsþjónustu	17
5.8	Aðgerð 12 Verkefnisstjóri farsældar barna	18
6	RADDIR BARNA	19
6.1	Aðgerð 13 Efling ungmennaráðs	19
6.2	Aðgerð 14 Ungmennahóli.....	20
6.3	Aðgerð 15 Ábendingar til ungmennaráðs og bæjarins.....	21
6.4	Aðgerð 16 Málefnaþópar barna	22
6.5	Aðgerð 17 Raddir barna í skipulags- og umhverfismálum.....	23
6.6	Aðgerð 18 Barnvænir leikvöllir	24
7	FÉLAGSLEG ÞÁTTTAKA OG VIRKNI	25
7.1	Aðgerð 19 Félagsstarf fyrir hinsegin börn	25
7.2	Aðgerð 20 Aukið félagsstarf fyrir 10-12 ára börn	26
7.3	Aðgerð 21 Efla sértækt forvarnastarf félagsmiðstöðva	27
	Samantekt	28


1 Barnvæn sveitarfélög

Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem styður sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnsýslu og starfsemi. Verkefnið byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF sem kallast Child Friendly Cities Initiative og hefur verið innleitt í hundruðum borga frá árinu 1996. Verkefnið hefur verið innleitt hér á landi undir nafninu Barnvæn sveitarfélög frá árinu 2016.

Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins sem byggir á þekkingu á réttindum barna, því sem er barninu fyrir bestu, jafnræði og að horft sé til réttinda allra barna og þátttöku þeirra en saman skapa þessir þættir barnvæna nálgun á málefni sveitarfélagsins.

1.1 Innleiðingarferli Barnvænna sveitarfélaga

Verkefnið Barnvæn sveitarfélög er innleitt í átta skrefum sem hvert um sig styður við réttindi barna innan sveitarfélagsins.



1 Staðfesting

Fyrsta skrefið er staðfesting en þá er tekin þverpólitísk ákvörðun um innleiðingu verkefnisins í sveitarstjórn. Það er gert til þess að skapa samstöðu innan sveitarfélagsins og skipa verkefninu tryggan sess til lengri tíma.

2 Stöðumat

Stöðumatið er umfangsmesta skref ferlisins en tilgangurinn með því er að meta stöðu réttinda barna innan sveitarfélagsins. Stöðumatið felur í sér mikla gagnaöflun. Þá er tölfræðigögnum safnað, leiðbeinandi spurningalistum svarað, spurningakannanir eru lagðar fyrir börn og fullorðna, barnþing er haldið og viðtöl eru tekin við sérfræðihópa barna.

3 Fræðsla

Stöðumatið gefur til kynna hversu mikillar fræðslu er þörf innan sveitarfélagsins og út frá því er ákveðið hvernig er best að háttta henni. Tryggja þarf að börn og fullorðnir þekki réttindi barna og geti sett þau í samhengi við daglegt líf og störf innan sveitarfélagsins. Viðhalda þarf fræðslunni og því þarf hún að vera regluleg.

4 Aðgerðaáætlun

Fjórða skrefið er að útbúa aðgerðaáætlun en hún skal byggja á gögnunum úr stöðumatinu. Mikilvægt er að aðgerðaáætlunin miði að bæði langtíma og skammtíma markmiðum þar sem það er mikilvægt að börn finni strax fyrir áhrifum af verkefninu.

5 Framkvæmd

Eftir að aðgerðaáætlun hefur verið samþykkt af bæði UNICEF og sveitastjórn er kominn tími til að framkvæma aðgerðirnar sem í henni eru. Gott getur verið að miða við að framkvæmdin taki u.þ.b. eitt ár. Skipaður er ábyrgðaraðili fyrir hverri aðgerð í áætluninni sem ber ábyrgð á að koma aðgerðinni í framkvæmd innan fyrirfram skilgreinds tímaramma.

6 Skýrsla

Bæði umsjónarmaður verkefnisins ásamt stýrihópi og ungmennaráði skila skýrslu til UNICEF um framgang verkefnisins. Í skýrslu umsjónarmanns og stýrihóps er lögð áhersla á að útskýra hvernig gekk að framkvæma aðgerðirnar í aðgerðaáætlun en skýrsla ungmennaráðsins fjallar aðallega um þau verkefni sem ráðið hefur unnið í tengslum við innleiðinguna ásamt því að taka fram hvaða breytingum börn í sveitarfélaginu hafa fundið fyrir á innleiðingartímanum.

7 Mat og viðurkenning

Að fyrstu sex skrefunum loknum er komið að úttekt á verkefninu. UNICEF framkvæmir úttektina og ef UNICEF metur sem svo að verkefnið hafi verið réttindum barna til framdráttar innan sveitarfélagsins og að aðgerðir aðgerðaáætlunarinnar hafi verið framkvæmdar fær sveitarfélagið viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag.

8 Ný markmið og endurmat

Viðurkenning Barnvæns sveitarfélags gildir í þrjú ár frá því að hún er veitt. Því þarf sveitarfélagið að setja sér ný markmið og hefja nýtt stöðumat fljótlega eftir að viðurkenning er í höfn, ætli það sér að hljóta endurmat að þremur árum liðnum. Þá þarf sveitarfélagið að fara í gegnum innleiðingarferlið að nýju og ef vel gengur hlýtur það nýja viðurkenningu.

2 Greinargerð vegna stöðumats

Í október 2020 skrifaði bærarstjórn Garðabæjar undir samning um að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verða þannig hluti af verkefninu Barnvæn sveitarfélög. Innleiðingarferlið er unnið í samstarfi við UNICEF á Íslandi og var áætlað í átta þrepum á 2-3 árum.

Í lok ársins 2020 var skipaður tólf manna stýrihópur með þátttöku barna og ungmenna, fulltrúum sviða bæjarins og fulltrúum bærarstjórnar. Stöðumat stýrihópsins teygir sig yfir langan tíma og hefur staðið yfir í lotum allt frá 2020 og fram yfir áramót 2023. Stöðumatið inniheldur yfirferð stýrihóps á gátlistum frá UNICEF og er einnig í grunninn þekking hópsins á staðbundnum gögnum um stöðu, heilsu og líðan barna í Garðabæ. Spurningalistar frá UNICEF voru lagðir fyrir börn og starfsmenn til að kanna þekkingu og viðhorf þeirra til Barnasáttmálans. Einnig var unnið með nokkra rýnihópa barna þar sem börnin voru fengin til að skoða samfélag sitt og tjá sig um málefni sem tengjast grunnréttindum barna. Á stöðumatstímabilinu var boðað til ungmennapings og íþróttapings stúlkna og niðurstöður þaðan teknar með í matsvinnuna.

Aðgerðaáætlun Garðabæjar vegna innleiðingar á Barnasáttmálanum byggir á stöðumati stýrihópsins.

Aðgerðaáætlun Garðabæjar var samþykkt í bærarstjórn Garðabæjar **dags/mánuður/ár**

Fylgiskjöl með áætlun þessari eru:

Fylgiskjal I „Innleiðing á barnvænu sveitarfélagi, kortlagning og stöðumat Garðabæjar fyrir árin 2021-2023“.

Fylgiskjal II „Yfirlit aðgerða Garðabæjar vegna innleiðingar á Barnasáttmálanum“.

Fylgiskjal III „Fræðsluáætlun Garðabæjar um Barnasáttmálann“.

3 Aðgerðaáætlun Garðabæjar 2020-2024

Hér að neðan verða teknar saman þær aðgerðir sem stýrihópur verkefnisins hefur forgangsraðað og mynda aðgerðaáætlun Garðabæjar vegna innleiðingar Barnasáttmálans 2020-2024.

Aðgerðaáætlun þessi byggir á niðurstöðum stöðumats og verður sú tenging sérstaklega tilgreind undir hverri og einni aðgerð. Ábyrgðaraðili er tilgreindur fyrir hverja aðgerð en hann ber ábyrgð á að aðgerðinni verði komið í framkvæmd innan þess tímaramma sem aðgerðinni er ætlað. Tekið er fram hvaða greinum Barnasáttmálans aðgerð tengist sérstaklega. Einnig eru tilgreind þau heimsmarkmið sem eiga við um aðgerðina. Þá er tekið fram hvaða grunnþættir Barnvæns sveitarfélags eiga við um hverja aðgerð. Mikilvægt er að taka það fram að aðgerðaáætlun þessari er ekki ætlað að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eins og hann leggur sig enda er það verkefni sem lýkur aldrei. Hluti aðgerða er þegar kominn til framkvæmda. Aðgerðirnar eru 21 talsins og er skipt upp í 4 þætti. Þættir og aðgerðir eru eftirfarandi:

- **FRÆÐSLA**

- Aðgerð 1 Réttindafræðsla til nemenda í grunnskólum
- Aðgerð 2 Fræðsla til starfsfólks og kjörinna fulltrúa um Barnasáttmálann
- Aðgerð 3 Barnasáttmálinn á leikskólastigi
- Aðgerð 4 Hinsegin fræðsla

- **STJÓRNSÝSLA**

- Aðgerð 5 Yfirfara stefnur sveitarfélagsins
- Aðgerð 6 Miðlun upplýsinga á fleiri tungumálum
- Aðgerð 7 Barnvænt hagsmunamat
- Aðgerð 8 Umboðsmaður barna í Garðabæ
- Aðgerð 9 Samskiptasáttmáli
- Aðgerð 10 Réttindafulltrúar Barnvæns sveitarfélags
- Aðgerð 11 Barnvænt móttökurými fyrir félagsþjónustu
- Aðgerð 12 Verkefnisstjóri farsældar barna

- **RADDIR BARNA**

- Aðgerð 13 Efling ungmennaráðs
- Aðgerð 14 Ungmennahólf
- Aðgerð 15 Ábendingar til ungmennaráðs og bæjarins
- Aðgerð 16 Málefnaþing barna
- Aðgerð 17 Raddir barna í skipulags- og umhverfismálum
- Aðgerð 18 Barnvænir leikvællir

- **FÉLAGSLEG ÞÁTTTAKA OG VIRKNI**

- Aðgerð 19 Félagsstarf fyrir hinsegin börn
- Aðgerð 20 Aukið félagsstarf fyrir 10-12 ára börn
- Aðgerð 21 Efla sértækt forvarnastarf félagsmiðstöðva

4 FRÆÐSLA

4.1 Aðgerð 1

Réttindafræðsla til nemenda í grunnskólum

Markmið:

Að réttindafræðsla til barna verði fastur liður í starfi allra grunnskóla á vegum sveitarfélagsins og að fræðslan verði fastmótuð og hluti af námsskrá skólanna.

Tenging við stöðumat:

Í stöðumati kom í ljós að einn skóli í sveitarfélaginu, Flataskóli, er viðurkenndur réttindaskóli UNICEF og réttindafræðsla þar í góðum farvegi. Í viðtölum við aðra skólastjórnendur kom í ljós að í einhverjum skólum hafa verið unnin verkefni tengd Barnasáttmálanum en ekki algilt. Skólar í Garðabæ eru ólíkir hvað varðar aldurssamsetningu, stefnu og rekstrarform og tveir skólar eru m.a. einkareknir. Mikilvægt er að fá fleiri skóla til að vinna með Barnasáttmálann.

Lýsing:

Aðgerðinni er ætlað að tryggja útbreiðslu á réttindafræðslu í skólum bæjarins þannig að fræðslan verði hluti af og eðlilegur þáttur í starfsemi allra skólanna og sé fastur liður í námsskrá þar sem best á við að mati skólastjórnenda.

Ábyrgðaraðili/verkefnishópur:

Verkefnisstjóri BVS (Barnvæns sveitarfélags), deildarstjóri grunnskóla- og tónlistarskóla og skólastjórar.

Tímarammi:

Miðað er við að allir grunnskólar setji sér markmið um réttindafræðslu á starfsárinu 2023-24.

Mæling:

Starfsáætlanir/framkvæmd á skólaárinu 2023-2024.

Fjárförf:

Vinnuframlag starfsfólks.

Aðgerðin tengist amk. 4 grunnþáttum innleiðingar. Eflir þekkingu á réttindum barna. Gerir kröfu til uppeldisaðila um barnvæna nálgun m.v. aldur og þroskastig. Aðgerðin felur í sér þátttöku barna og skref til að auka virðingu fyrir skoðunum þeirra og raungera.

Tekur einnig til heimsmarkmiða sem kveða á um menntun fyrir alla og vinna markvisst að réttlátu samfélagi.



4.2 Aðgerð 2

Fræðsla til starfsfólks og kjörinna fulltrúa um Barnasáttmálann

Markmið:

Fræðsla um Barnasáttmálann til starfsfólks á öllum sviðum bæjarfélagsins sem og til kjörinna fulltrúa skv. námsskrá sem sett er upp af stýrihópi verkefnisins og tillögu UNICEF.

Tenging við stöðumat:

Í spurningakönnun meðal starfsmanna sveitarfélagsins, sem var hluti af stöðumatinu, kom í ljós að hluti starfsfólks sveitarfélagsins sem svarar telur sig kannast við Barnasáttmálann eða 60%. Ljóst er að verkefnið hefur verið á dagskrá á ýmsum tímum og í tengslum við einstök verkefni í skólum og stofnunum en gera má miklu betur.

Lýsing:

Aðgerðinni er ætlað tryggja samræmda fræðslu og þekkingu á réttindum barna meðal starfsfólks og kjörinna fulltrúa í sveitarfélaginu.

Í sérstakri námsskrá séu sett fram undirmarkmið um tímaramma og viðmið um útbreiðslu fræðslunnar til ákveðins fjölda starfsmanna. Fræðslan sé hluti af símennt starfsmanna, sýnileg og aðgengileg í gegnum vef bæjarins.

Ábyrgðaraðili/verkefnishópur:

Verkefnisstjóri BVS (Barnvæns sveitarfélags). Stjórnendur deilda og stofnana.

Tímarammi:

Verkefni hófst í september 2022. Grunnnámskeið um Barnasáttmálann verði lokið á árinu 2023. Önnur námskeið skv. námsskrá í maí 2024.


Mæling:

Gögnum um fræðslu hópa og starfsmanna safnað saman. Viðmið eru í námsskrá (sjá fylgiskjal III. Fræðsluáætlun Garðabæjar um Barnasáttmálann).

Fjárförf:

Vinnuframlag starfsfólks.

Aðgerðin styður við réttindafræðslu og að sem flestir þekki og öðlist skilning á Barnasáttmálanum, styður við jafnrétti, hvernig sáttmálinn virkar og hvetur fólk til að bera virðingu fyrir skoðunum barna.



Fellur að heimsmarkmiðum menntunar og að innleiða skilning á réttlæti sérstaklega fyrir börn.



4.3 Aðgerð 3

Barnasáttmálinn á leikskólastigi

Markmið: Efla réttindafræðslu á leikskólastigi og hvetja starfsfólk leikskólastigsins til barnvænnar nálgunar í starfi og leik þar sem unnið er með helstu grunnpætti Barnasáttmálans.

Tenging við stöðumat:

Í yfirferð gátlista og spurningarkönnunar BVS var mat stýrihópsins að huga mætti betur að og vinna sérstaklega með Barnasáttmálann fyrir börn á leikskólaaldri. Ljóst er að fyrir börn á leikskólastigi virkar síður að beita aðferðum með fræðsluáhorfi, spurningalistum og/eða kynningum um það efni sem er fyrirbyggjandi. Byggja þarf upp fræðslu og skilning barna á leikskólastigi t.d. í gegnum leik og ígrunda hvaða leiðir eru bestar til að þjálfa lýðræði, jafnrétti og jafnræði fyrir þann aldur.

Lýsing:

Skoða og prófa aðferðir sem henta þroska og skilning yngstu barnanna út frá 5 markmiðum Barnasáttmálans í samstarfi við Rannsóknarstofnun HÍ í uppeldisfræðum (Rannung). Einnig er Garðahraun, sértæk frístund fyrir börn á grunnskólastigi með þroskahamlanir, þátttakandi í verkefninu.

Ábyrgðaraðili/verkefnishópur:

Leikskólafulltrúi og Rannung.

Leikskólastjórnendur, starfsfólk leikskóla og starfsfólk Garðahrauns.

Tímarammi:

Verkefnið er keyrt í 5 lotum, 2 klst. hver lota á tímabilinu september 2022 til júní 2023.

Mæling:

Þátttökulistar. Samantekt Rannung og skýrsla verkefnis í lokin.

Fjárförf:

Samningur við Rannung kr. 1.5 millj. Vinnuframlag starfsfólks.

Aðgerðin styður m.a. við almenna réttindafræðslu fyrir starfsfólk, hún er verkfæri til að gera réttindi að veruleika, hún eykur virðingu fyrir skoðunum barna á umhverfi sínu og jafnar stöðu m.t.t. til aldurs og eflur einnig skilning fyrir þörfum fatlaðra barna.



Heimsmarkmið menntunnar og réttlæti fyrir börn eiga hér vel heima.

4.4 Aðgerð 4

Hinsegin fræðsla

Markmið:

Fræðsla og ráðgjöf til skóla og stofnana bæjarins um fjölbreytileika kynja og að fá bestu mögulegu þekkingu í samstarfi við Samtökin '78.

Tenging við stöðumat:

Í spurningakönnun stöðumatsins í grunnskólum kom í ljós að 2-3% barna skilgreinir kyn sitt sem hvorki strákur né stúlka og þau börn virðast m.a. síður finna traust í skólaumhverfinu. Í samtölum við stjórnendur kom fram þörf á aðgerðum til að efla fræðslu, skilning og samstöðu við fjölbreytileikann. Í rýnihópi barna kom fram ábending um fræðslu um hinseginleika og ekki síst til þeirra sem eru fullorðnir.

Lýsing:

Þjóða skólum og stofnunum fræðsla og ráðgjöf í málefnum um hinsegin mál með fræðslusamningi við Samtökin '78. Fræðslan sé miðuð bæði til starfsfólks og nemenda.

Ábyrgðaraðili/verkefnishópur:

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og stjórnendur skóla og uppeldisstofnanna.

Tímarammi:

2022-2024

Mæling:

Samningur. Fundir, fræðsla og nýting samningsins hjá skólum og stofnunum.

Fjárförf:

Skv. samningi Garðabæjar og Samtakanna '78. Vinnuframlag starfsmanna.

Aðgerðin miðar að fræðslu um hinseginleika, styrkja stöðu hinsegin fólks, styðja jafnrétti allra kynja, jafnræði og að öllum líði vel. Aðgerðin er verndandi m.a. gegn hvers kyns ofbeldi, hatursumræðu og einelti. Styður við markmið fræðslu og menntunnar og það að börn séu vel upplýst og hafi aðgengi að bestu upplýsingum.

Styður við heimsmarkmið um menntun fyrir alla og frið og réttlæti.



5 STJÓRNSÝSLA

5.1 Aðgerð 5

Yfirfara stefnur bæjarfélagsins

Markmið:

Yfirfara allar stefnur og helstu aðgerðaáætlanir bæjarins og uppfæra með tilliti til Barnasáttmálans.

Tenging við stöðumat:

Í stöðumati kom í ljós að eldri stefnur bæjarins taka ekki sérstaklega tillit til Barnasáttmálans né undirstrika mikilvægi hans. Stýrihópi þykir mikilvægt að koma betur barnvænu sjónarhorni inn, samþætta og endurhugsa markmið þeirra í nýju ljósi.

Lýsing:

Endurskoða útgefnar grundvallarstefnur bæjarins sem koma til endurnýjunar og þær endurskoðaðar með t.t. Barnasáttmálans. Sama gildir um aðgerðaáætlanir sem byggja á eldri stefnum sem eru í gildi.

Ábyrgðaraðilar:

Fulltrúar einstakra sviða í stýrihópi, verkefnisstjóri BVS (Barnvæns sveitarfélags).

Tímarammi:

Endurskoðun og yfirferð á stefnum þau ár sem þær eru endurnýjaðar/gefnar út.

Mæling:

Tilvísanir og áherslur í endurskoðuðum og/eða nýjum stefnum bæjarins.

Fjárförf:

Vinna starfsfólks og kjörinna fulltrúa.

Aðgerðin styður við að tekið sé tillit til Barnasáttmálans í öllum stefnumótandi áætlunum bæjarins og þær endurskoðaðar sérstaklega út frá réttindum barna. Virðing fyrir skoðunum barna er t.d. skjalfest í lýðræðisstefnu og áherslur um jafnan rétt óháð persónulegu atgervi. Í stefnu um lýðheilsu og forvarnir er kveðið á um vernd gegn misbeitingu og skaða hvers konar og jafnan aðgang allra að leik, tómstundum, menningu og síðast en ekki síst jafnt aðgengi að menntun í menntastefnu. Í öllu er haft að leiðarljósi það sem barninu er fyrir bestu. Segja má að öll markmið sáttmálans séu undir.



Yfirmarkmið Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna eru 17 talsins og undirmarkmið eru 169. Garðabær hefur valið 38 undirmarkmið til að innleiða í starfi, stefnum og framtíðarsýn.



5.2 Aðgerð 6

Miðlun upplýsinga á fleiri tungumálum

Markmið:

Bæta upplýsingaveitur bæjarins og skóla m.t.t. ólíkra tungumálahópa fyrir börn, forráðamenn og fjölskyldur.

Tenging við stöðumat:

Spurningakönnun BVS gaf til kynna að 20% barna sem svöruðu könnun eiga annað eða báða foreldra af erlendum uppruna. Hátt hlutfall er eftirtektarvert og mikilvægt að horfa til þess t.d. í þjónustu. Í sérfræðihópi barna af erlendum uppruna kom fram að börn lenda oft í því hlutverki að túlka gögn og annað heima fyrir forráðamenn þar sem þau eru fljótari að tileinka sér íslenskt mál. Einnig kom fram í rýnihópnum að börn sem skilja ekki öll fyrirmæli ættu til að verða jaðarsett eða misskilin.

Lýsing:

Upplýsingaveitur og miðlar skóla séu tiltækir á fleiri tungumálum. Vefur Garðabæjar gerður aðgengilegri og tæknilega hægt að þýða yfir á fleiri tungumál. Aðgengilegt og auðvelt sé að kalla fram þýðingar á texta á t.d. ensku, pólsku og spænsku. Stefnur bæjarins séu þýddar á helstu tungumál.

Ábyrgðaraðili/verkefnishópur:

Samskiptadeild og deild þjónustu í samstarfi við svið bæjarins.

Tímarammi:

2022-2024

Mæling:

Upplýsingar og efni frá skólum ásamt vefsíðum endurbætt þannig að þær séu gerðar aðgengilegar á fleiri tungumálum. Til séu áætlanir um móttöku íbúa af erlendum uppruna í skólum og í þjónustuveri Garðabæjar. Verkefnið sé komið vel á veg 2024.

Fjárförf:

Vinna starfsmanna, endurbætur á vefsíðum. Skv. fjárhagsáætlun.

Aðgerðin styður við markmið Barnasáttmálans um aðgengi að réttum upplýsingum og að öll börn fái upplýsingar um sín réttindamál. Upplýsingar skili sér til forráðamanna og þeir geti uppfyllt sem best skyldur sínar um leiðsögn og uppeldi.



Tengist heimsmarkmið um frið og réttlæti.



5.3 Aðgerð 7

Barnvænt hagsmunamat

Markmið:

Stigin verði skref við að innleiða og þróa barnvænt hagsmunamat í verklag stjórnsýslunnar.

Tenging við stöðumat:

Í stöðumati og gátlistayfirferð kom fram að ekki er til neitt sérstakt formlegt barnvænt hagsmunamat þó svo að t.d. 70-80% fjármagns fari í þjónustu við börn. Sjónarhornið eða matskrafan er ný og felur í sér nýja nálgun þegar teknar eru ákvarðanir sem varða börn.

Lýsing:

Skapaður sé formlegur vettvangur og verklag innan stjórnsýslunnar. Nefndir bæjarins svari gátlista um áhrif ákvarðana m.t.t. áhrifa á jafna stöðu barna og hvort helstu ákvarðanir leiði til aukinnar eða skertrar þjónustu við börn. Þróuð sé verkfæri og öllum helstu sviðum og nefndum sé gert að innleiða barnvænt hagsmunamat þannig að metið sé reglulega áhrif ákvarðana á börn skv. skilgreindu verklagi.

Ábyrgðaraðili/verkefnishópur:

Verkefnisstjóri farsældar barna, umsjónarmaður ungmennaráðs, verkefnisstjóri BVS, formaður bæjarráðs, ungmennaráðsfulltrúar.

Tímarammi:

2022-2024

Mæling:

Verklag, gátlistar, árangursmat nefnda. Mælaborð velferðar.

Fjárförf:

Vinna starfsmanna.

Aðgerðin felur í sér að skoða ákvarðanir með skipulögðum hætti á aðgengi að menntun, tómstundastarfi, uppeldi, minni eða meiri félagslega aðstoð og úrræði. Út frá þeim mælikvarða að börn hafi sem jafnasta stöðu og þörfum barna sé mætt á besta mögulegan hátt.

Tengist heimsmarkmiði um frið og réttlæti.



5.4 Aðgerð 8

Umboðsmaður barna í Garðabæ

Markmið:

Formlegt embætti umboðsmanns barna verði stofnað í sveitarfélaginu.

Tenging við stöðumat:

Snemma í greiningarferli í stýrihópi kom fram hugmynd um sérstakan umboðsmann barna í sveitarfélaginu og e.t.v. tengja við vinnu með ungmennaráði.

Lýsing:

Stofna formlega embætti umboðsmanns barna í sveitarfélaginu og tengja við BVS verkefnið og ungmennaráð. Aðgerðin tekur til þess að festa ábyrgð á BVS í viðvarandi stöðuhlutfalli sem sinnt hefur verið með öðru. Aukin aðstoð við starfsemi ungmennaráðs. Til grundvallar sé að skilgreint stöðugildi 50% eða meira til að viðhalda BVS, umboðsmanni barna og hafa umsjón með ungmennaráði, en verkefni geta skipst niður á fleiri en einn starfsmann.

Ábyrgðaraðili:

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Tímarammi:

2022-2024

Mæling:

Stöðugildi og aukin verkefni vegna ungmennaráðs. Starfsskýrslur.

Fjárförf:

Endurskilgreining og/eða tilfærsla verkefna á fræðslu- og menningarsviði.

Tengist fjölmörgum greinum Barnasáttmálans um jafnrétti barna, réttindi, virðingu fyrir skoðunum og það sem barninu er fyrir bestu.



5.5 Aðgerð 9

Samskiptasáttmáli

Markmið:

Innleiða samskiptasáttmála meðal barna á grunnskólastigi og setja fram nýja nálgun varðandi samskipti barna og forvarnir varðandi eineltismál.

Tenging við stöðumat:

Í stöðumati kom fram að einelti og samskiptavandi er viðvarandi vandamál í samfélaginu. Mælingar skv. mælaborði og í fleiri könnunum um hagi og líðan koma fram upplýsingar um samskiptavandamál og sveiflur í líðan barna, netáreiti o.fl. þrátt fyrir mikla vinnu og eineltisáætlanir skóla. Samskiptavandi barna er viðvarandi og hvergi nærri búið að finna hina réttu og bestu lausn.

Lýsing:

Sett niður ný nálgun varðandi bætt samskipti barna. Eineltisáætlanir skóla bæjarins endurskoðaðar og nýr samskiptasáttmáli settur fram með jákvæðari formverkjum í von um betra tæki, verklag og árangur varðandi líðan. Verkefnið er unnið í samstarfi við ráðgjafa frá KVAN.

Ábyrgðaraðili/verkefnishópur:

Grunnskólafulltrúi, skólastjórar og stjórnendur á sviði uppeldismála og fulltrúar KVAN.

Tímarammi:

Hefst 2023 – samningur til 2025.

Mæling:

Innleiðing og útbreiðsla. Árangursskýrslur skóla.

Fjárförf:

Skv. samningi og fjárhagsáætlun 2023-2024.

Aðgerðinni er ætlað að jafna stöðu barna. Koma í veg fyrir ofbeldi, innleiða leikreglur og aðferðir sem eru börnum fyrir bestu, treysta umhverfi og efla andlega líðan. Tillögur stjórnkerfis til að bæta aðstæður til lífs og þroska.



Heimsmarkmið - Réttlæti og friður og menntun



5.6 Aðgerð 10

Réttindafulltrúar Barnvæns sveitarfélags

Markmið:

Útnefna réttindafulltrúa BVS (Barnvæns sveitarfélags) í stofnanir og á helstu svið bæjarins.

Tenging við stöðumat:

Skv. stöðumati liggur fyrir tillaga stýrihóps að efla verulega fræðslu um Barnasáttmálann og gera hana markvissari. Í þjónustu bæjarfélagsins eru að jafnaði 1200 til 1500 starfsmenn og eru menntastofnanir margar stórar með á bilinu 500-800 börn. Skipun staðbundinna réttindafulltrúa er mikilvæg til að fylgja eftir verkefnum aðgerðaáætlunarinnar svo vel takist til.

Lýsing:

Útnefndir réttindafulltrúar í stofnunum og á helstu málavæðum sveitarfélagsins. Tilnefndir séu sérstaklega réttindafulltrúar fyrir grunnskóla í Garðabæ (frístund og félagsmiðstöðvar með), fulltrúi fræðslu- og menningarsviðs, fulltrúi fjármála- og stjórnsýslusviðs, fulltrúi fjölskyldusviðs og fulltrúi umhverfissviðs.

Ábyrgðaraðili/verkefnishópur:

Verkefnisstjóri BVS.

Skólastjórar og stjórnendur á einstökum sviðum.

Tímarammi:

2023-2024

Mæling:

Fulltrúalisti og árangur réttindafræðslu. Eftirfylgd aðgerða.

Fjárförf:

Vinnuframlag starfsmanna.

Aðgerðinni er ætlað að tryggja fræðslu, þekkingu og framgang aðgerða á hverjum stað. Til staðar sé eftirfylgni Barnasáttmálans, að mikilvægar greinar séu undir í öllu starfi og leik og staðbundinn aðili sem veit hvernig Barnasáttmállinn virkar.

Tengist heimsmarkmiði um frið og réttlæti.



5.7 Aðgerð 11

Barnvænt móttökurými fyrir félagsþjónustu

Markmið: Bæta móttöku og þjónustu við börn og fjölskyldur í viðkvæmri stöðu.

Tenging við stöðumat:

Í stöðumati og gátlistayfirferð kom fram þörf fyrir betra móttökurými fyrir starfsfólk barnaverndar þegar tekið er á móti fólki í viðkvæmri stöðu. Rýmið þyrfti að vera sem mest sér og hugað að því að inn- og útgönguleiðir skjólstæðinga séu lítt áberandi.

Lýsing:

Koma upp sérstöku, barnvænu og fjölskylduvænu móttökurými fyrir starfsfólk til að taka á móti þjónustuþegum. Hugað sé að aðgengi þannig að þjónustuþegar séu ekki í fyrir allra augum og að upplifunin sé almennt góð. Móttökurýmið sé hlýlegt, umvefjandi og barnvænt, ekki síst fyrir yngri aldurshópa barna.

Ábyrgðaraðili/verkefnishópur:

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs, starfsfólk félagsþjónustu, umhverfis- og eignasvið.

Tímarammi:

2023-2024

Mæling: Framkvæmd sé lokið 2024.

Fjárförf:

Endurbætur skv. fjárhagsáætlun/eignasvið.

Aðgerðin hvetur til barnvænnar nálgunar ásamt því að bera virðingu fyrir persónuvernd og einkalífi. Aðgerðin styður það að jafna félagslega stöðu, efla fjölskyldutengsl og heilsuvernd.



Tengist heimsmarkmiðum um frið og réttlæti og aukinn jöfnuð.



5.8 Aðgerð 12

Verkefnisstjóri farsældar barna

Markmið:

Útfæra farsældarlögin, innleiða ferla og vinnu í þágu barna.

Tenging við stöðumat:

Samhliða vinnu við stöðumat, tilkomu nýrra farsældarlaga og vinnu við heimsmarkmið var ákveðið að ráða sérstakan verkefnisstjóra í 100% starf með tilkomu farsældarlaga. Í stöðumatsgreiningu á grunnþætti 2 kom í ljós að það er enginn sérstakur starfsmaður sem hefur heildaryfirsýn á alla ferla og kerfið og fylgir sérstaklega eftir málum allra barna.

Lýsing:

Starfið felur í sér að hafa yfirsýn og fylgja eftir ákvörðunum bæjarfélagsins um heimsmarkmið og BVS. Verkefnið er umfangsmikið og eflir velferð barna, félagslega stöðu og forvarnir. Einnig tenging við mælaborð farsældar og útfærsla á farsældarlögum.

Ábyrgðaraðili:

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Tímarammi:

Hefur störf og innleiðingu 2023.

Mæling:

Ráðning verkefnastjóra. Aðgerðaáætlun vegna farsældar.

Fjárbörf:

Skv. fjárhagsáætlun 2023.

Aðgerðin felur í sér vinnu við ferla sem ákveða hvað er barni fyrir bestu, vernd gegn ofbeldi, jafna stöðu, gæta réttinda barna í kerfinu, tryggja rétt til lífs og þroska og menntun við hæfi.



Tengist heimsmarkmið um aukinn jöfnuð.



6 RADDIR BARNA

6.1 Aðgerð 13

Efling ungmennaráðs

Markmið:

Styrkja umgjörð, sýnileika, hlutverk og áhrif ungmennaráðs í stjórnsýslu Garðabæjar.

Tenging við stöðumat:

Í spurningakönnun tjáðu 80% barna að þau þekktu ekki til starfa ungmennaráðs. Ráðið hefur verið til staðar í amk. 10 ár en tiltölulega lítið sýnilegt. Áhrif ráðsins og hlutverk þess má skilgreina betur í stjórnsýslunni. Í stöðumati tjáðu fulltrúar ungmennaráðs í stýrihópi að þeir upplifðu að þau hefðu lítið vægi og fengu ekki alltaf strax svör varðandi sín mál.

Lýsing:

Efla þarf ungmennaráðið og tilgang þess í anda BVS. Endurskoða hlutverk, erindisbréf og umsvif. Hafa fundi, ákvarðanir og ályktanir markvissari og líklegri til árangurs. Ráðið verði launað sbr. aðrar nefndir bæjarins. Ráðið sé skýr hluti af lýðræðislegu stjórnkerfi bæjarins. Það sé sýnilegt og geti auglýst sín störf og tilgang. Hafi sambærilega fundaraðstöðu í stjórnsýsluhúsi og aðrar nefndir og sé ætlað fjármagn vegna funda. Stjórnsýsluferlar tryggja aðkomu ráðsins í stefnumótandi málefnum sem varða börn og ungt fólk. Ráðið hafi frumkvæði í að tengja sig við nemendaráð skóla, skólaráð og efla aðkomu barna að ákvörðunum sem hafa áhrif á þau.

Ábyrgðaraðili/verkefnishópur:

Umsjónarmaður ungmennaráðs, verkefnisstjóri BVS, formaður bæjarráðs og ungmennaráðsfulltrúar.

Tímarammi:

2023-2024

Mæling:

Ársskýrsla ungmennaráðs. Samantekt á fundum og málum sem fara til umfjöllunar í ungmennaráði.

Fjárförf:

Árlgur fundarkostnaður vegna ráðsins, 2,5 m.kr. Vinnuframlag starfsfólks.

Styður við ákvæði Barnasáttmálans um að virða réttindi barna og merkingarbæra þátttöku. Efling ungmennaráðs og hlutverk þess er lykilatriði í að styðja jöfnuð, lýðræði og undirstrikar mikilvægi þess að börn eigi rödd og geti komið skoðunum og hugmyndum á framfæri. Aðgerðin undirstrikar einnig mikilvægi á miðlun upplýsinga varðandi stjórnun sveitarfélagsins og ákvarðanir um málefni barna.



Tengist heimsmarkmiðum um frið og réttlæti og aukinn jöfnuð.



6.2 Aðgerð 14

Ungmennapíng

Markmið:

Ungmennapíng verði haldið annað hvert ár og samstarf við skólapiing í skólum.

Tenging við stöðumat:

Í spurningakönnun kom m.a. fram að aðeins 25% barna hafa verið spurð um hvað megi betur gera fyrir börn í sveitarfélaginu og gera má betur. Í rýnihópum barna komu fram ábendingar um að fjölga megi tækifærum til að koma skoðunum barna á framfæri.

Lýsing:

Ungmennaráð hafi frumkvæði að boðun ungmennapiings í bæjarfélaginu. Stórt píng sé haldið amk. annað hvert ár. Jafnframt að skólar gefi ungmennaráðinu tækifæri til að tengjast skólapiingum, eiga í samstarfi og taka þátt í dagskrá ef ráðið óskar eftir því.

Ábyrgðaraðili/verkefnishópur:

Umsjónarmaður ungmennaráðs, verkefnisstjóri BVS og ungmennaráðsfulltrúar.

Tímarammi:

2022-2024. Síðasta ungmennaráðspíng var haldið í nóvember 2023.

Mæling:

Ársskýrsla ungmennaráðs. Samantekt af ungmennapiingi, afgreidd píngmál.

Fjárförf: Kr. 100 þús. Starfsframlag starfsfólks og ungmennaráðs.

Aðgerðin og farvegur hennar styður m.a. við frelsi barna til að deila hugmyndum, virða skoðanir, raungera réttindi, veitir aðgengi að upplýsingum og sýnir í verki hvernig Barnasáttmálanum er ætlað að virka.



Tengist heimsmarkmiðum um aukinn jöfnuð og frið og réttlæti.



6.3 Aðgerð 15

Ábendingar til ungmennaráðs og bæjarins

Markmið:

Koma upp e.k. stafrænu viðmóti s.s. vefsíðu, QR, ábendingavef í umsjón ungmennaráðs þar sem börn geta lagt inn hugmyndir og ráð.

Tenging við stöðumat:

Í stöðumati spurningakönnunar kom í ljós að ungmennaráð og tilgangur þess er lítt þekkt meðal barna. Einnig kom fram að yfirgnæfandi meirihluti barna er meðvitaður um réttinn til að tjá sig og hluti þeirra vill vera spurður oft og fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Lýsing:

Ungmennaráð safni með stafrænum hætti hugmyndum og ábendingum barna og fylgir eftir fyrirspurnum og málum sem inn koma. Ábendingakerfi ungmennaráðs er tilraun til að gefa öllum börnum leið með hugmyndir frá degi til dags um mál sem varða börn og þeirra hagsmuni. Ungmennaráðið geri áætlun um kynningu og fylgi eftir t.d. í grunnskólum bæjarins.

Ábyrgðaraðili/verkefnishópur:

Umsjónarmaður ungmennaráðs, verkefnisstjóri BVS, formaður bæjarráðs, ungmennaráðsfulltrúar.

Tímarammi:

2022-2024


Mæling:

Ársskýrsla ungmennaráðs.

Fjárförf:

Hönnun viðmóts kr. 200.000.

Aðgerðin og farvegur hennar styður m.a. við frelsi að sem flest börn geti komið sínum hugmyndum á framfæri óheft, haft t.d. áhrif á framboð varðandi leik, menningu og listir o.fl.



Nálgunin sé í takti við heimsmarkmiðin um aukinn jöfnuð og réttlátara samfélag sem allir fá að taka þátt í að móta.



6.4 Aðgerð 16

Málefnaþópar barna

Markmið:

Fjölga tækifærum ólíkra hópa barna til að ræða skoðanir sínar.

Tenging við stöðumat:

Mat stýrihópsins er að vel hafi tekist til í stöðumati að kalla fram raddir ólíkra hópa barna í rýnihópum. Þar komu fram gagnlegar ábendingar um þeirra upplifun á þjónustu og ýmis góð ráð til stjórnenda bæjarins um það sem má betur fara.

Lýsing:

Völdum ólíkum hópum barna sé reglulega boðið til fundar um ýmis málefni og þau spurð álits í anda BVS. Smáþing í svipuðu formi og sérfræðihópar barna sem þóttu takast vel og vera gagnlegir. Fyrir börnin er þetta góð æfing í þátttökulýðræði. Það fjölga tækifærum barna að koma sinni rödd á framfæri um þjónustu og eða málefni sem þau varðar. Fundir séu amk. 4 sinnum á ári og gefa ólíkum hópum tækifæri til að skína.

Ábyrgðaraðilar:

Verkefnisstjóri BVS, verkefnisstjóri farsældar, ungmennaráð.

Tímarammi:

2023-2024

Mæling:

Niðurstöður funda og upplýsingar um áhrif og úrvinnslu.

Fjárför:

Fundakostnaður o.fl. kr. 100.000, vinnuframlag starfsmanna.

Aðgerðin styður m.a. við tækifæri og frelsi fyrir börn til að koma skoðunum sínum á framfæri, eykur jafnræði með að kalla saman ólíka hópa og raungerir réttindi barna til að hafa áhrif á mál sem þau varða.



Tengist heimsmarkmiðum um aukinn jöfnuð og réttlæti.



6.5 Aðgerð 17

Raddir barna í skipulags- og umhverfismálum

Markmið:

Börn séu höfð með í vinnu við skipulagsmál og séu með skipulögðum hætti virkjuð til þátttöku.

Tenging við stöðumat:

Í stöðumati komu fram dæmi um skipulagða aðkomu barna að ákvörðunum er varða umhverfi og skipulag og vel tekist til. Mat stýrihópsins er að festa þessi vinnubrögð í sessi í vinnu við skipulags- og umhverfismál. Í rýnihópum voru börnin ánægð með að fá að koma á framfæri ábendingum og fengur fyrir stjórnendur að fá þeirra sýn á þjónustu og framkvæmdir.

Lýsing:

- A. Ungmennaráð og/eða fulltrúum barna sé boðið sérstaklega til vinnu við hugmynda- og deiliskipulag byggðar og byggðarþróunar.
- B. Sérstök verkefni í skólum varðandi umhverfi skóla og skólalóðir.
- C. Börnum kynnt og fengin skilgreindur hlutur í lýðræðisverkefninu „Betri Garðabær“.

Ábyrgðaraðili/verkefnahópur:

Sviðsstjóri umhverfissviðs Garðabæjar í samvinnu við önnur svið og deildir bæjarins.

Tímarammi:

2023-2024

Mæling:

Þátttaka í ákvarðanaferli, fundargerðir, hugmyndir og framkvæmd þeirra.

Fjárförf:

Af fjárhagsáætlunum verkefna. Vinnuframlag starfsfólks.

Aðgerðin styður barnvæna nálgun, veitir möguleika til virkni og þátttöku og börn fá að deila hugmyndum sínum. Skoðanir og réttindum veitt brautargengi og felur í sér aðgengi að upplýsingum og lærdóm.

Heimsmarkmið - Aukinn jöfnuður óháð aldri.



6.6 Aðgerð 18

Barnvænir leikvelli

Markmið:

Bæta leikvelli og almenningsleiksvæði bæjarins og komið sé til móts við yngstu börnin.

Tenging við stöðumat:

Á ungmennapingi komu fram ábendingar um leikvelli, endurbætur, fleiri leiktæki til að koma til móts við yngstu börnin. Sama kom fram í rýnihópi hjá börnum í nýju hverfi í Urriðaholti.

Lýsing:

Við uppbyggingu og endurbætur á leikvöllum verði sérstaklega gætt að leikvelli henti öllum aldurshópum barna, og sérstaklega horft til að komið sé til móts við yngri börn.

Ábyrgðaraðili:

Sviðsstjóri umhverfissviðs Garðabæjar

Tímarammi:

2022-2024

Mæling:

Nýir og endurbættir velli á tímabilinu. Þegar er búið að endurnýja fjölmarga leikvelli á tímabilinu þar má nefna leikvelli í Mýrum, í Lyngmóum og Kjarrmóum, í Lundum og við Flatir. Í Urriðaholti hafa nýir leikvelli verið settir upp sem og stórt leik- og æfingarsvæði sem hefur fengið nafnið Vinagarður. Ærslabelgir hafa verið settir upp í Hofsstaðamýri, á Álftanesi, í Urriðaholti og í Bæjargarði við Fitjar.

Fjárförf:

Af fjárhagsáætlunum hvers árs. Nýframkvæmdir og endurbætur á leiksvæðum. Vinnuframlag starfsfólks.

Aðgerðin styður barnvæna nálgun, veitir möguleika til virkni og þátttöku og börn fá að deila hugmyndum sínum. Skoðunum og réttindum veitt brautargengi.



Heimsmarkmið - Aukinn jöfnuður óháð aldri.



7 FÉLAGSLEG ÞÁTTTAKA OG VIRKNI

7.1 Aðgerð 19

Félagsstarf fyrir hinsegin börn

Markmið:

Styrkja stöðu barna sem eru hinsegin og taka stöðu með fjölbreytileika barna.

Tenging við stöðumat:

Í stöðumati kom fram að hluti barna skilgreinir sig ekki skv. hefðbundum kynhlutverkum. Stjórnendur félagsmiðstöðva og skóla hafa bent á að huga þurfi sérstaklega að högum og líðan þessa hóps og styrkja félagslega stöðu þeirra.

Lýsing:

Unnið sé að því á vettvangi félagsmiðstöðva í Garðabæ að koma á fót sértæku félagsstarfi fyrir hinsegin börn og ungmenni ýmist sér eða í samstarfi. Horft sé til möguleika á samvinnu við nágrannasveitarfélögin um útfærslu og þekkingu.

Ábyrgðaraðili/verkefnishópur:

Íþrótta-tómstunda- og forvarnafulltrúi, forstöðumenn félagsmiðstöðva.

Tímarammi:

2023 -2024

Mæling:

Starfsskýrslur félagsmiðstöðva og ÍTG.

Fjárförf:

Í fjárhagsáætlun 2023 er kynnt viðbót vegna félagsmiðstöðvarstarfs vegna BVS í þetta verkefni. Vinnuframlag starfsmanna.

Aðgerðin styður við jafnari stöðu og allir eiga rétt á að vaxa og dafna óháð kyni, aldri eða öðru. Felur einnig í sér vernd gegn ofbeldi, styrkja réttindi hópsins og skapa sem bestar aðstæður til lífs og þroska.

Heimsmarkmið - Réttlæti og aukinn jöfnuður.



7.2 Aðgerð 20

Aukið félagsstarf fyrir 10-12 ára börn

Markmið:

Efla miðdeildarstarf félagsmiðstöðva fyrir 10-12 ára.

Tenging við stöðumat:

Í 5. greiningarkafli gátlista í stöðumati BVS um félags- og menningarmál barna kom fram að efla mætti félagsstarf fyrir börn á miðstigi grunnskólans.

Lýsing:

Efla, bæta og samræma þjónustustig félagsmiðstöðva fyrir miðdeildir grunnskóla og öll börn eigi kost á að taka þátt í slíku starfi.

Ábyrgðaraðili/verkefnishópur:

Íþróttta-, tómstunda- og forvarnafulltrúi, forstöðumenn félagsmiðstöðva.

Tímarammi:

2023-2024

Mæling:

Ráðning umsjónarmanna og starfsáætlanir félagsmiðstöðva varðandi miðdeildarstarf.

Fjárförf:

Í fjárhagsáætlun 2023 er kynnt viðbót vegna félagsmiðstöðvarstarfs vegna BVS í þetta verkefni. Vinnuframlag starfsmanna.

Aðgerðin styður við markmið Barnasáttmálans um aukinn félagslegan jöfnuð, þátttöku og virkni. Er barnvæn nálgun, veitir tækifæri til valdeflingar og þroska, felur í sér vernd, þátttöku í lýðræðislegum vinnubrögðum og felur í sér ýmsa óformlega menntun.

Tengist heimsmarkmiði um aukinn jöfnuð.



7.3 Aðgerð 21

Efla sértækt forvarnastarf félagsmiðstöðva

Markmið: Efla sértækar forvarnir í starfsemi félagsmiðstöðva og vinnuskóla.

Tenging við stöðumat:

Á ungmennaráðsþingi ræddu unglingar þörf fyrir meiri forvarnir. Í rýnihópum komu fram raddir barna um að efla félagsmiðstöðvarstarf, forvarnir og fræðslu.

Lýsing:

Auka framboð á sértækum forvörnum og félagsmiðstöðvastarfi. Búa til nýtt hópastarf í samstarfi félagsmiðstöðva og Vinnuskóla yfir sumartímann. Í boði sé e.k. sumarstarf í félagsmiðstöðvum.

Ábyrgðaraðili/verkefnishópur:

Íþróttta-, tómstunda- og forvarnafulltrúi, forstöðumenn félagsmiðstöðva, stjórnendur vinnuskóla.

Tímarammi:

Í framkvæmd sumar 2023 og 2024.

Mæling:

Starfsskýrslur félagsmiðstöðva og Vinnuskóla.

Fjárförf:

Áætlað 1 m.kr. tilfærsla vegna vinnuframlags starfsmanna.

Aðgerðin styður við markmið Barnasáttmálans um aukinn félagslegan jöfnuð og þátttöku og virkni. Er barnvæn nálgun, veitir tækifæri til valdeflingar og þroska, felur í sér vernd, þátttöku í lýðræðislegum vinnubrögðum og ýmsa óformlega menntun.



Tengist heimsmarkmiðum um frið og réttlæti og aukinn jöfnuð.



Samantekt

Aðgerðaáætlun Garðabæjar vegna innleiðingar á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna samanstendur af 21 aðgerð bæði stórar og smáar. Aðgerðirnar eru flokkaðar í 4 þætti er lúta að aukinni fræðslu, breytingum á stjórnsýslu, innleggi og röddum barna og félagslegri virkni.

Á stöðumatstímanum og við vinnslu aðgerðaáætluninnar var hafist handa við margar aðgerðir og ýmsar áherslubreytingar hafa átt sér stað á grundvelli hugmyndafræði Barnvæns sveitarfélags. Þegar í upphafi var ákveðin forgangs röðun til og t.d. lögð áhersla á að stefnur bæjarins sem hafa komið til endurskoðunar á árunum 2020-2023 tækju jafnframt tillit til Barnasáttmálans og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Strax í kjölfar stöðumats fékk ungmennaráð Garðabæjar einnig aukna athygli og lögð áhersla á að valdefla ráðið með ýmsu móti. Ungmennaráð bæjarins hefur átt sérstaka fundi með bærarstjóra og bærarstjórn Garðabæjar til að fara yfir málefni saman og ungmennafulltrúar fá núna greidd laun fyrir fundi sína. Í fjárhagsáætlun 2023 var kynntur sérstakur fjáruki í nafni barnvæns sveitarfélags og ætlað að mæta m.a. aðgerðaáætluninni og ýmsu í framkvæmd hennar. Vel hefur gengið að koma fræðslu skv. fræðsluáætlun til starfsmanna bæjarins, einkum í skólum og tengja hana m.a. við símenntun kennara.

Það er stefna Garðabæjar að ljúka umræddum aðgerðum og skýrslu varðandi þær og sækjast formlega eftir viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag haustið 2024. Sveitarfélagið vill þannig sýna það í verki að stefnumótun og ákvarðanataka Garðabæjar taki mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

*Björg Fenger, formaður bæjarráðs og formaður stýrihóps um innleiðingu Barnasáttmálans
Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar
Gunnar H. Richardson verkefnastjóri*